



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Rvík, 11. október 2007

Tilvísun: UST20070900042/sf

Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, jarðgöng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 7. september síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar vegna jarðganga og vegagerðar á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Skipulagstillagan tekur til svæðis á norðvestur mörkum gildandi skipulags. Gert er ráð fyrir að þjóðvegur 61 verði settur í 5.130 m löng göng frá Skarfaskeri að Ósi í Bolungarvík. Einnig er gert ráð fyrir að færa veginn út fyrir þéttbýlið í Hnífsdal og mun hann liggja meðfram ströndinni á landfyllingum sem verða 2,5 hektarar að stærð. Opin svæði til sérstakra nota minnka úr 5 hekturum í 3 hektara. Lengd vegarins sem áætlað er að færa í Hnífsdal er um 1 km og heildarlengd nýlagðra vega er um 8 km.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við við framangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Umhverfismat valkosta

Í greinargerð með skipulagsstillögunni er fjallað um eftirtalda valkosti m.t.t. umhverfisáhrifa:

Leið I - Núllkostur: Áfram verði unnið að eflingu varnarvirkja með sama hætti og áður. Heildarlengd 13,6 km.

Leið II - Seljadalsleið: Um 3,8 km göng milli Seljadals og Óss ásamt tengingu við núverandi veg. Heildarlengd 12,8 km.

Leið III - Skarfaskersleið: Um 5,1 km gögn milli Skarfaskers og Óss ásamt tengingu við núverandi veg. Heildarvegalegd 12,1 km.

Leið IV - Hnífsdalsleið: Um 3,9 km göng á milli Hnífsdals og Syðridals ásamt nýjum vegum í Hnífsdal og Syðridal. Heildarvegalegd 13,6 km. Mest tapast af votlendi við leið IV, þar sem meira land færi undir veg.

Leiðarljós aðalskipulagstillögunnar er að auka öryggi vegfarenda og bæta samgöngur á milli

Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Í umhverfismati fyrir aðalskipulagsbreytinguna er komist að þeirri niðurstöðu að Skarfaskersleið sé besti kosturinn af þeim fjórum valkostum sem fjallað er um til að framfylgja markmiði aðalskipulagsbreytingarinnar. Áhrif leiða IV á gróður, dýralíf, heilsu, landslags, menningarminjar og útivist séu heldur neikvæðari í samanburði við leiðir II og III. Umhverfisstofnun tekur undir það mat að leið IV sé sísti valkosturinn með tilliti til umhverfisáhrifa. Stofnunin telur að leið III, Skarfaskersleið, hafi mun minni umhverfisáhrif í för með sér, sbr. þó athugasemdir hér að neðan.

Lagning jarðganga milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar fellur undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 21. júní 2007 er gerð jarðganga og veglagning samkvæmt Skarfaskersleið, Seljadalsleið og Hnífsdalsleið ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í niðurstöðu sinni ítrekar stofnunin þó mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma „viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið”.

Landfylling

Sem mótvægisáðgerð vegna aukinnar umferðar er gert ráð fyrir að færa veginn út fyrir þéttbýlið í Hnífsdal á um 1 km löngum kafla og leggja hann á landfyllingum sem verða um 2,5 ha að stærð.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar var ekki fjallað um framangreinda færslu vegarins og umhverfisáhrif landfyllinga. Í tilkynningunni segir t.d. um um áhrif framkvæmdarinnar á landslag:

„Veglínan Ós-Seljadalur/Skarfasker er á röskuðu svæði og liggur með núverandi vegum í Syðridal. Skeringar verða í Óshyrnunni og nokkur fylling austan við Ósá Skeringar verða við munnann við Skarfasker.”

Ekki er heldur fjallað um áhrif landfyllinga á aðra umhverfisþætti í tilkynningu um framkvæmdina.


Í ljósi framangreinds telur Umhverfisstofnun að fjalla verði um áhrif fyrirhugaðra landfyllinga í umhverfismati skipulagstillögunnar. Að öðrum kosti sé ekki hægt að taka afstöðu til færslu vegarins á þessum kafla.


Haugsvæði

Gert er ráð fyrir haugsvæði fyrir umframefni vegna gangagerðar við gangamunna, en svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði á skipulagstillögunni. Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að frágangur svæðisins verði í samræmi við kynningu Vegagerðarinnar á framkvæmdinni.

Við umfjöllun um matsskyldu framkvæmdinnar kom fram að haft yrði samráð við Umhverfisstofnun þegar kæmi að hönnun hauganna og frágangi þeirra. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þess verði gætt að haugsvæði falli sem best að landslagi og að haft verði samráð við stofnunina um framantalda þætti.

Virðingarfyllst


Sigríós Friðriksdóttir
Lagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagstofnun.